

151

10. nóv.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá og reglum fyrir landssímann frá 28. des. 1946.

1. gr.

Aftan við 8. lið í IV. kafla A. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sé ársleiga ekki greidd fyrir 1. apríl og ársfjórðungsleiga ekki fyrir 15. hvers fyrsta ársfjórðungsmánaðar, getur landssiminn lokað senditækjunum þannig, að aðeins megi nota þau í neyð. Verði þrátt fyrir það leiga ekki greidd innan eins mánaðar þar á eftir, getur landssiminn tekið hin leigðu tæki úr skipinu. Sama gildir, ef reikningar fyrir uppsetningu og aðgerðir á radióbúnaði í skipum, sem framkvæmdar eru af landssímanum, eru ekki greiddir innan eins mánaðar eftir að aðgerð fór fram.

2. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi er gerð samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 1941, um fjar-skipti, og gengur þegar í gildi.

Samgöngumálaráðherrann, 10. nóvember 1948.

Emil Jónsson.

Guðmundur Hliðdal.

152

11. nóv.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 25 11. febrúar 1948, um ríkisábyrgð vegna bátaútvogsins o. fl.

1. gr.

Ríkissjóður ábyrgist saltfiskútflutningum söluverð það á framleiðslu þeirra 1948 til útflutnings, sem ákveðið er í 2. gr.

2. gr.

Pressufiskur:

I. flokkur	kr.	pr.	kg	fob.	2.97
II. —	—	—	—	—	2.69
III. —	—	—	—	—	2.46

Labraverkaður:

I. flokkur	kr.	pr.	kg	fob.	3.44
II. —	—	—	—	—	3.12
III. —	—	—	—	—	2.88

 $\frac{3}{4}$ verkaður:

I. flokkur	kr.	pr.	kg	fob.	3.91
II. —	—	—	—	—	3.56
III. —	—	—	—	—	3.28

 $\frac{7}{8}$ verkaður:

I. flokkur	kr.	pr.	kg	fob.	4.12
II. —	—	—	—	—	3.75
III. —	—	—	—	—	3.46

Fullverkaður fyrir Spánarmarkað (Norður-Spánn):

I. flokkur	kr.	pr.	kg	fob.	4.39
II. —	—	—	—	—	4.00
III. —	—	—	—	—	3.69
Portúgalsverkaður:					
I. flokkur	kr.	pr.	kg	fob.	4.59
II. —	—	—	—	—	4.19
III. —	—	—	—	—	3.86
Cubaverkaður:					
I. flokkur	kr.	pr.	kg	fob.	4.76
II. —	—	—	—	—	4.34
III. —	—	—	—	—	4.01
IV. —	—	—	—	—	3.68
Brazilíu- og Argentínuverkaður:					
I. flokkur	kr.	pr.	kg	fob.	4.96
II. —	—	—	—	—	4.54
III. —	—	—	—	—	4.19

152

11. nóv.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 128/1947 til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 11. nóvember 1948.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.

S A M Þ Y K K T

153

11. nóv.

um lokunartíma sölubúða á Sauðárkróki.**1. gr.**

Sölubúðum á Sauðárkróki skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. grein samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlársdag skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis. Fjórða og síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa opnar sölubúðir til kl. 9 síðdegis.

Á tímabilinu frá 1. maí til 20. september skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 1 e. h. og á föstudögum eigi síðar en kl. 7 e. h.

Frá 20. október til 30. apríl skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 á laugardögum.

Ef skortur er á eldsneyti eða ljósmeti í bænum, eða útliti er fyrir að skortur geti orðið á þeim, er bæjarstjórn heimilt að ákveða, að sölubúðum skuli lengri eða skemmri tíma lokað fyrr en kl. 6 síðd. og þær opnaðar síðar en kl. 9 árdegis á virkum dögum.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágústmánuði mega engar sölubúðir vera opnar. Hinn 1. maí, 17. júní og 1. desember skulu allar sölubúðir lokaðar kl. 12 á hádegi, ef þessa daga ber upp á virkan dag.